



Reykjavík, 17. september 2020

Samkomulag um sátt vegna brots Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna á 1. mgr. 86. gr., sbr. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 16. júlí 2020 gerði Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) og Lífeyrissjóður Verzlunarmanna (hér eftir málsaðili eða lífeyrissjóðurinn) með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots gegn 1. mgr. 86. gr., sbr. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (hér eftir vvl.)

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 86. gr., sbr. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (hér eftir vvl.) með því að hafa láðst að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar í Högum hf. innan lögbundins tímafrests.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 2.200.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Þann 16. mars 2020 keypti málsaðili hlutabréf í Högum hf. og fór með kaupunum yfir 10% eignarhlut í félaginu og varð þar með tilkynningaskyldur skv. 1. mgr. 78. gr. vvl. Í framhaldinu hefði málsaðili átt að tilkynna víðskiptin til Fjármálaeftirlitsins og Haga hf. í síðasta lagi 17. mars 2020, sbr. 1. mgr. 86. gr. Tilkynningin barst hins vegar ekki fyrr en 20. mars 2020. Málsaðili óskaði eftir að ljúka málinu með sátt.

Lagagrundvöllur

Eigandi, sem aflar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, skal senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflugunin eða ráðstöfunin leiðir af sér að atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir eitthvert eftirtalinna marka: 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/3 og 90%, sbr. 1. mgr. 78. gr. vvl. Tilkynninguna skal senda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta víðskiptadag eftir að flöggunarskylda stofnaðist, sbr. 1. mgr. 86. gr. vvl.

Brot á 86. gr. vvl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 20. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna, en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna.



Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 86. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 326/2019. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar eiganda í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hverjir það eru sem ráða yfir verulegum atkvæðisrétti í útgefandanum og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun hans. Sektarfjárhæðin tók mið af flokkun löggjafans á alvarleika brotsins. Einnig var tekið mið af því að málsaðili hefur ekki á síðustu fimm árum gerst brotlegur við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 2.200.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 326/2019 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.